

Reykjavík, júlí 2015

Ágæti bæjarstjóri/sveitarstjóri

Lestrarfærni er forsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi en bágur lesskilningur getur haft neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnutækifæri síðar meir. Margt er vel gert í skólastarfi hér á landi og það ber okkur að standa vörð um, en það veldur miklum áhyggjum að lesskilningur hefur undanfarið versnað samkvæmt PISA-könnun OECD. Ástæðan er ekki augljós og vafalaust um að ræða flókið samspil margra þátta en mikilvægast er að snúa vörn í sókn.

Með þessu bréfi er lagt til að við tökum höndum saman og gerum með okkur *Þjóðarsáttmála um læsi* þess efnis að öll börn, sem til þess hafa getu, lesi sér til gagns við útskrift úr grunnskóla. Takist að ná því markmiði mun það hafa víðtæk áhrif á einstaklinga og þjóðfélagið allt.

Í tengslum við þetta hefur mennta- og menningarmálaráðherra sett fram metnaðarfullt markmið í *Hvítbók um umbætur í menntun*. Markmiðið er að 90% nemenda í 10. bekk nái lágmarksviðmiðum um að geta lesið sér til gagns í PISA könnuninni sem lögð verður fyrir árið 2018 en í dag ná einungis 79% nemendur því markmiði.

Til að ná fram markmiði *Þjóðarsáttmála um læsi* þarf að grípa til margvíslegra aðgerða sem ráðuneytið mun styðja við á ýmsan hátt. Mikilvægur þáttur í því er að ríki og sveitarfélög einsetji sér sameiginlega að bæta læsi barna á Íslandi til framtíðar. Þar skiptir framlag skólastjórnenda, kennara, foreldra og annarra aðstandenda skólum.

Í þessu sambandi vill mennta- og menningarmálaráðherra bjóða öllum bæjar- og sveitarstjórum að undirrita *Þjóðarsáttmála um læsi* þar sem aðilar samningsins, ríki og sveitarfélög, skuldbinda sig til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að ná settu markmiði um læsi. Skuldbinding ráðuneytisins er meðal annars fólgin í gjaldfrjálsum aðgangi skóla að skimunarprófum og teymi ráðgjafa til aðstoðar.

Stefnt er að því að undirritað verði með ráðherra í stærstu sveitarfélögum landsins. Fulltrúar minni sveitarfélaga muni vegna hagræðis koma og undirrita *Þjóðarsáttmálann* í því sveitarfélagi sem er þeim næst eins og sjá má á meðfylgjandi áætlun.


Þeir sem undirrita þetta bréf eru sammála um mikilvægi *Þjóðarsáttmála um læsi* og að markmiðum Hvítbókar um læsi verði náð. Þeir vilja leggja sitt lóð á vogarskálarnar að vel takist til og að allir landsmenn taki höndum saman um verkefnið.



Mennta og menningarmálaráðherra



Samband íslenskra sveitarfélaga



Kennarasamband Íslands



Heimili og skóli
landssamtök foreldra